

Fundur 5.maí 2011

Mættir: Karen Jenný, Sólveig, Selma, Særún, Hildur Kristín

Verkefnalisti fyrir aðalfundinn:

Gjaldkeri:

- Klára ársreikning, koma þeim til skoðunarmanna. Setja upp í sunduliðað á skjal til sýningar á aðalfundi
- Rukka um reikning fyrir veitingum sem keyptar voru fyrir B sveitina á laufabrauðsdegi.
- Athuga með posann sem notaður var á laufabrauðsdegi, tala við Margréti varðandi þau mál.

Fundarstjóri:

- Ingibjörg gat ekki verið fundarstjóri
- Haft samband við Hrefnu Gunnarsdóttur sem var fundarstjóri á síðasta ári, tók vel í að taka þetta að sér. Senda henni póst um dagsetningu og tíma, hún staðfesti hvort hún getur þetta. Ef það gengur upp sendum við henni dagskrá, lögín, lagabreytingar, breytingar á stjórn o.fl.

Skýrslur:

- Setja upp í powerpoint skýrslu stjórnar
- Skýrslur nefndar
 - Foreldrarölt,
 - Vorhátíðarnefnd
 - Öryggisnefnd
 - Árshátíðarnefnd

Lagabreytingar:

- Setja upp greinina eins og hún er og svo breytingartillöguna fyrir neðan
- Farið yfir þau mál sem eftir voru í breytingartillögum laganna.

Kosning annarra stjórnarmanna:

- Sólveig, Hildur og Axel fara út, þarf að fá menn í þeirra stað
- Finna varamenn
- Koma því skýrt á framfæri fyrir fundinn

Kosning skoðunarmanna reikninga

- Verður örugglega ekkert mál að finna slíka.

Dagskrá fyrir aðalfund:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Skýrslur nefnda
- Lagabreytingar
- Reikingar lagðir fram til samþykktar
- Árgjald félagsins ákveðið
- Kosning stjórnarmanna og varamanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Starfsreglur um kosningu í skólaráð lagðar fram til samþykktar
- Skýrsla skólaráðsfulltrúa
- Kosning fulltrúa og varamanna í skólaráð
- Önnur mál

Erindi á aðalfundi

Fjallað um niðurstöður frá stefnumótunardegi

Fá kynningu á niðurstöðum frá stefnumótunardeginum. Athuga að hafa erindið ekki meira en 30 mín

Verkefni fyrir aðalfund:

- Senda bréf um hvaða aðstöðu við þurfum fyrir aðalfund: hljóðkerfið, hljóðnemi, skjávarpa, tölva. Siggí sendir bréf til Sigrúnar.
- Karen talar við strák í 10.bekk um að kenna okkur á kerfið.
- Særún talar við verkefnastjóra um að tala um niðurstöður stefnumótunardags
- Hildur sendir póst á Hrefnu, fundarstjóra

Veitingar;

- Athuga hve mikið var keypt í fyrra
- Athuga fleiri möguleika á veitingum, athuga verð hjá Saffran
- Kaupa konfekt með
- Axel og Hildur sjá um veitingar

Bréf til bekkjafulltrúa

- Sólveig samdi bréf sem aðrir stjórnarmenn samþykktu að senda til bekkjafulltrúa
- Setjum inn í sama bréf áminningu um aðalfund og hvetja bekkjafulltrúa til að bjóða sig fram

Vorhátíð

- Foreldrafélagið borgar kostnað af þessum degi og félagsmiðstöðin sér um mannskap á daginn.
- 4 hoppukastalar og klifurveggur kostar 175 000
- Töframaður 30 000
- Pylsa og drykkur , 800 pylsur og pylsubrauð 100 000 kr (pylsa, pylsubrauð, safi eða sprite í dós), selt á 300 kr. Pantanúna 1000 pylsur. Fáum sósur, steiktan með, pantabrauð frá Korninu
- Búið að reikna það til að þurfa þykir 50 foreldra til að geta skipt vöktum á klst fresti
Viðvera við rennibraut, andlitsmálning og fleira
- 4 grill eiga að vera nóg
- Kostnaður í kringum 300-400000

Athuga að kaupa pylsur og drykk fyrir skólahljómsveitina.

Dægradvöl:

Starfsdagur 11.maí. Fundur með dægradvölinni þann dag kl 13:30. Verið að skipuleggja starfið næsta vetur. Vantar fleiri foreldra til að gefa sitt álit.

Punktur til athugunar:

Athuga á næsta ári að setja saman smá texta um hvern viðburð strax á eftir svo auðveldara sé að setja saman fréttabréf þegar að því kemur. Sá sem er tengiliður stjórnar um þann viðburð skrifi texta, setja hann inn á heimasíðuna. Ef eitthvað hefur gleymst í kringum skipulag viðburðarins að punkta það niður.

Athuga að rita niður hvað er keypt fyrir fundina, hve mikið magn, hvað kostaði, hvað var mikið eftir o.s.frv.

Senda erindi um smíðakennslu til skólastjórnenda, Selma sér um það

Afgangur úr sjóði foreldrafélagsins

- Spurning um að kaupa eitthvað af leiktækjum (sippuband, húllahringir)
- Ekki ráðstafa meiri pening fyrir en við vitum hvað innheimtast af félagsgjaldinu

Vorskólinn

- Þarf að kaupa inn fyrir 1.bekkinga. Verður líklega borið upp á vorskólanum hvort sami háttur verði á með námsgögn.
- Foreldrafélagið fái að koma inn í vorskólann til að kynna félagið. Hugsanlega að athuga að fá bekkjafulltrúa frá þeim foreldrahópi á fundinum.